

**M-71/2016. Álit 16. ágúst 2017.**

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-71/2016.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 17. ágúst 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sjónvarpstæki af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að sjónvarpið sé haldið galla og krefst þess að seljandi taki tækið til baka upp í kaup á nýju tæki.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 18. ágúst 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 1. september 2016. Hinn 7. september voru andsvörin send til álitsbeiðanda og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild og ekki bárust frekari athugasemdir til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti sjónvarpstæki af seljanda árið 2014, sem hann síðar skilaði og fékk annað tæki afhent þess í stað þann 9. janúar 2015, af gerðinni JVC LT-50E73. Sjónvarpið er 50“ með 120hz panel og var kaupverð þess 115.598 krónur. Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið þær upplýsingar hjá seljanda að umrætt tæki henti sérlega vel fyrir tölvunotkun með 120hz panel, en venjulega séu tæki með 50hz panel, og hafi þær upplýsingar haft afgerandi áhrif á kaupin. Á vörulýsingunni stóð 18ms, sem þykir að sögn álitsbeiðanda mjög gott fyrir tæki af þessari stærð á þessu verði. Álitsbeiðandi taldi sig því vera að borga sérstaklega fyrir góða svörunartíðni.

Þegar álitsbeiðandi tengdi PC tölvu með hliðrænu VGA (D-SUB) við sjónvarpið virtist þessi lága tíðni standast fullkomlega en sagan varð að hans sögn önnur þegar hann uppfærði tölvukost sinn, en nýja tölvun hefur bæði hliðrænt VGA tengi og stafrænt HDMI tengi. Kom þá berlega í ljós að svörunartíðni tækisins er mun verri en annarra sambærilegra sjónvarpstækja. Tækið hefur raunar sérlega háa uppfærslutíðni en ekki lága að sögn álitsbeiðanda og hentar því afar illa til tölvuleikjaspilunar. Telur álitsbeiðandi að um galla sé að ræða samkvæmt 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Seljandi hefur hins vegar hafnað því að sjónvarpstækið sé gallað líkt og sjá má af eftirfarandi tölvupósti frá sölustjóra seljanda til álitsbeiðanda:

*„Tækin ráða misvel við mikla myndvinnslu í gegnum HDMI þegar mun meiri myndvinnsla fer í gegnum HDMI og því kannski ekki óeðlilegt að tækið getið „laggað“ í gegnum HDMI þegar myndvinnslan í vélinni þinni er orðin mikil eins og í flestum finni vélum eins og þú varst að kaupa þér. Það er sjálfsagt mál að biðja Öreind sem er okkar þjónustuaðli að skoða tækið og þeir meta þetta fyrir okkur og hvort þetta sé ekki í samræmi við tækið eins og það er en líklega er tækið í raun ekki að ráða við svo öflugna tölvu í gegnum HDMI.*

*Tækið er í fullkomnu samræmi við þær upplýsingar sem upp eru gefnar hjá okkur og í leiðarvísni tækisins þannig að ég tel erfitt að halda því fram að um „galla“ sé að ræða. En við bjóðum upp á vel rúman skilarétt og mjög séu viðskiptavinir ekki ánægðir með kaupin bjóðum við upp á 30 daga skilarétt."*

Álitsbeiðandi telur að seljanda hafi átt að vera ljóst að hann hygðist aðallega nota stafræn HDMI tengi tækisins og krefðist lágrar tíðni en seljandi hafi ekki veitt honum þær upplýsingar sem honum bar að veita og að auki sett fram misvísandi upplýsingar. Í gögnum málsins kemur fram að álitsbeiðandi fór ekki með tækið til Öreindar í skoðun sökum þess að ekki hafi legið fyrir hver ætti að bera kostnað vegna þess. Varðandi 30 daga skilarétt seljanda tekur hann fram að hann hafi ekki haft þau tæki sem hann nú hefur til að prófa tengin með afgerandi hætti. Álitsbeiðandi kveðst einnig hafa farið í gegnum bæklinga sem fylgdu tækinu en ekki séð minnst á þennan galla.

Álitsbeiðandi telur að tækið sé sem næst ónothæft í þá notkun sem því var ætlað og áætlað hann að uppfærslutíðni á HDMI sé um 200-300ms, sem er ekki það sem hann hafi borgað fyrir. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi taki tækið til baka upp í nýtt.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að tækið sé í fullkomnu samræmi við eins tæki og eru tækin seld sem sjónvörp en ekki tölvuskjái, sem hafi margfalt meiri endurnýjunartíðni í gegnum HDMI tengi. Seljandi segir að vissulega sé hægt að tengja tölvu við tækið og fá skjá tölvunnar fram á sjónvarpið en slíkt sé þó háð takmörkunum í samanburði við tölvuskjá sem hannaður er fyrir tölvunotkun. Tækið sé því ekki haldið galla.

Þá segir seljandi að álitsbeiðandi hafi ekki sýnt fram á að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem skiptu máli við kaupin, enda hafi sýningareintak verið til staðar ásamt upplýsingum um tækið og eiginleika þess.

#### V

##### Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi sjónvarp hjá seljanda af gerðinni JVC LT-50E73 sem hann fékk afhent þann 9. janúar 2015. Álitsbeiðandi heldur því fram að hann hafi fengið rangar upplýsingar hjá seljanda um að tækið henti vel fyrir tölvunotkun, með 120hz panel og 18ms, en þær upplýsingar hafi verið rangar. Tækið hentar að hans sögn afar illa til tölvuleikjanotkunar og er nær ónothæft í þeim tilgangi. Þá hafi í vörulýsingu staðið 18ms en álitsbeiðandi telur að 200-300ms uppfærslutíðni á HDMI sé réttara. Álitsbeiðandi telur að svörunartíðni tækisins sé mun verri en annarra sambærilegra sjónvarpstækja.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiða af samningi aðila hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Í c-lið 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að söluhlutur skuli henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð. Þá hljómar ákvæði 16. gr. svo:

**„16. gr. Gallar.**

*Söluhlutur telst vera gallaður ef:*

- a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;*
  - b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;*
  - c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;*
  - d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.*
- Regla c-liðar 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.*
- Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.*
- Neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Þetta gildir þó ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess.“*

Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en í ákvæðinu felst að sönnunarbyrðin fyrir því að söluhlutur sé ekki haldinn galla hvílir á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færist sönnunarbyrðin yfir til neytanda.

Álitsbeiðandi kveðst hafa komist að meintum galla tækisins er hann keypti sér nýja tölvu, rúmlega ári eftir að hann fékk sjónvarpið afhent, líkt og ráða má af gögnum málsins. Byggir álitsbeiðandi á því að seljandi hafi veitt honum rangar upplýsingar sem leitt hafi til þess að hann keypti umrætt sjónvarp.

Ef söluhlutur hefur ekki þá eiginleika sem leiða má af samningi aðila, sbr. 1. mgr. 15. gr. nkpl., telst hluturinn gallaður, en í því felst að ef seljandi hefur ábyrgst tiltekna eiginleika á sjónvarpstækinu, sem ekki eru til staðar, er um galla að ræða. Ekki er aðeins átt við texta samningsins heldur og einnig forsendur aðila. Í c-lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. kemur fram að þegar kaup eru af neytanda hálfu gerð í sérstökum tilgangi og ekki er venjulegt að nota hlutinn í samræmi við hann skuli hluturinn að henta í þessum tilgangi. Seljandi þarf þó að hafa vitað eða mátt vita um þann tilgang við kaupin svo ákvæðið eigi við. Þá segir í c-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. að söluhlutur teljist gallaður ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin. Þessi regla felur í sér að munnlegar upplýsingar sem seljandi gefur neytanda við kaupin geti leitt til þess að hlutur teljist gallaður.

Engin gögn hafa hins vegar verið lögð fram sem sýna fram á ranga upplýsingagjöf af hálfu seljanda við kaupin, í vörulýsingu eða öðru, og hefur seljandi hafnað því að rangar upplýsingar hafi verið gefnar. Telur nefndin sig af þeim sökum ekki hafa forsendur til að líta svo á að um galla sé að ræða á þeim grundvelli. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem styður þá fullyrðingu að svörunartíðni sjónvarpstækisins sé verri en í öðrum sambærilegum tækjum. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda um nýja afhendingu.

## VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson